



Aðalfundur FÁSES

Haldinn 30. október 2014 á Kringlukuránni

Mættir: Kristinn Jóhannes Pétursson, Kristín Kristjánsdóttir, Steinunn Björk Bragadóttir, Ísak Pálmason, Auður Geirsdóttir, Flosi Jón Ófeigsson, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Eyrún Valsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Gísli Kjærnested, Reynir Þór Eggertsson, Rakel Árnadóttir, Nini Sonjudóttir og Guðný María Arnþórsdóttir .

Eyrún Ellý Valsdóttir formaður setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundargesti velkomna á aðalfund FÁSES 2014.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Eyrún lagði til að hún yrði fundarstjóri og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz yrði fundarritari. Samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu.

Eyrún fór yfir skýrslu stjórnar. Mikil starfsemi var á árinu sem fyrri ár. Félagið stækkar áfram og stækkaði ört í kringum miðakaup fyrir keppnina í Kaupmannahöfn í lok árs 2013. Þegar upp var staðið úthlutaði FÁSES 60 kóðum til miðakaupa. Þá fór Eyrún yfir starfið og eftirfarandi er listi yfir þá viðburði og verkefni sem félagið sinnti:

- Barsvar í höndum Reynis Þórs var haldið á Kringlukuránni 23. janúar.
- Flosi Jón og Reebok Fitness buðu félögum FÁSES í Eurovision Zumba tíma þann 15. febrúar og um kvöldið var fyrirpartý á Mímisbar fyrir úrslitin í Söngvakeppni Sjónvarpsins sem haldin var í Háskólabíó. Um 50 félagar mættu. Að loknu fyrirpartý hópuðust félagar yfir í Háskólabíó að fylgjast með keppninni.
- Eymundsson bauð félögum afslátt af disknum úr Söngvakeppninni.
- Hin árlegi hittingur til að horfa á úrslitin í Melodifestivalen var að þessu sinni á Kringlukuránni.
- FÁSES hafði milligöngu um kaup á Pollapönks göllum frá Henson og voru 35 manns sem keyptu sér galla.
- Líkt og síðustu þrjú ár tóku FÁSES félagar þátt í upptökum á Alla leið þáttunum sem áhorfendur og oddaatkvæði í sal. 25-30 manns tóku þátt.
- Í lok mars voru Júró stiklur haldnar en þar var farið yfir þau lög sem taka þátt í keppninni undir stjórn Steinunnar Bjarkar og Flosa Jóns og kusu félagar milli laga. Pollapönkarar komu einnig og trúðu upp við góðar undirtektir.
- Félagar tóku þátt í OGAE International kosningu.
- Lag var sent inn í Second Chance keppnina og var það framlag félaga Hauks Johnsonar, Amor og lenti lagið í 16. sæti í keppninni. Kom fram að þátttaka í kosningu meðal FÁSES félaga var lítil.
- Heimasíðunefnd sem sett var á fót á síðasta ári starfaði hratt og örugglega og ný heimasíða var opnuð 30. apríl og var mjög virk meðan á keppni stóð.
- Þriðja fréttabréf félagsins kom út í byrjun maí.

- 25. apríl var haldin undirbúningsfundur á Kex fyrir þá sem voru á leið til Kaupmannahafnar. Þar var rabbað saman og upplýsingablaði dreift.
- FÁSES bauð upp á tvo viðburði í Kaupmannahöfn, annars vegar Eurovision Zumba tíma sem Flosi Jón stóð fyrir og var haldin í Eurovillage og hins vegar fyrirpartý á keppnisdag Íslands. Báðir viðburði heppnuðust vel og voru vel sóttir. Auk þess dreifðu FÁSES félagar fánunum, bæði íslenskum og Pollapönks, í höllinni á keppnisdegi Íslendinga.
- FÁSES félagar fengu boð um að koma frítt og horfa á keppnina í Bíó paradís.
- Angi af Pollapönksgöllum var að fá fræga til að fara í Pollagalla og taka af þeim mynd til stuðnings Pollapönki og því sem þeir standa fyrir.
- Þann 7. október hittist fólk í fyrsta skipti undir merkjum FÁSES á Akureyri og tókst vel til.

Umræða var um skýrsluna. Stjórn stefnir að því að halda áfram föstum liðum. Reynir Þór spurði um Eurovision bingóið sem féll niður og hvað það hefði átt að vera en benti einnig á að ekki hefði verið nægilega auglýst að það féll niður og nokkrir mættu. Eyrún afsakaði það og útskýrði hugmyndina.

Flosi opnaði umræðu um þátttöku í Second Chance. Hugmynd kom um að horfa öll saman og kjósa til að auka þátttöku í kosningunni, það hafi tekist vel til fyrir tveimur árum. Tímasetning keppninar var rædd og komu upp hugmyndir að tengja áhorf og kosningu við Gay pride eða Menningarnótt. Í kjölfar umræðunnar var stjórn falið að leggja til við OGAE International að setja skýrari ramma utan um þessa keppni.

3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Auður Geirsdóttir, gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Fjárhagur félagsins stækkar með auknum félagafjölda og fleiri viðburðum. Velta félagsins orðin tæplega milljón krónur. Hluti af innkomu eru félagsgjöld fyrir 2015 þar sem farið var snemma í að innheimta félagsgjöldin fyrir 2015 vegna þess að það lítur út fyrir að miðasala fari mjög snemma af stað í ár. Auður sagði einnig frá því að RÚV hafi keypti 80 eintök af fréttabréfinu fyrir 40.000 krónur. Ánægja var með fréttabréfið innan RÚV. Auður sagði einnig frá hugmyndum um að kaupa skráningarkerfi fyrir heimasíðu félagsins.

Umræður sköpuðust um reikninga félagsins og starfið. Reynir sagði klúbbinn hafa opnað augu fyrir almenning að hægt sé að fara út. Laufey spurði um útistandandi kröfur. Auður skýrði að þegar reikningsári lauk hafi Ölgerðin og Síminn átt eftir að greiða fyrir auglýsingar í Fréttabréfið. Ölgerðin greiddi 2. október en Síminn á enn eftir að greiða. Steinunn gerði gamansama athugasemd um innsláttarvillu í reikning og bauðst til að prófarkalesa reikninginn næst!

Auður lauk yfirferðinni með að segja að vel hefði tekist til við að eyða fjármagni félagsins í félagsfólk.

Eyrún bar reikninginn undir fundinn. Reikningurinn var samþykktur með lófataki.

4. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar bárust.

5. Kosning til stjórnar.

Eyrún skýrði frá því að kjósa þyrfti í þrjú embætti í aðalstjórn til tveggja ára, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og kynninga- og viðburðarstjóra auk tveggja varamanna til eins árs. Þá fór hún yfir þau framboð sem borist höfðu í aðalstjórn og voru þau eftirfarandi:

Auður Geirsdóttir í embætti gjaldkera

Flosi Jón Ófeigsson í embætti alþjóðafulltrúa

Laufey Helga Guðmundsdóttir í embætti kynningar- og viðburðarstjóra.

Eyrún kallaði eftir framboðum á fundinum og voru þau enginn. Auður, Flosi og Laufey voru því réttkjörin í stjórn félagsins.

Eyrún kynnti þá sem höfðu tilkynnt framboð sitt til 1. og 2. varamanns og voru þau eftirfarandi:

Alma Tryggvadóttir
Haukur Johnson
Steinunn Björk Bragadóttir
Doddi Jónsson.

Þá kallaði Eyrún eftir framboðum á fundinum en enginn bárust. Reynir lagði til að kosið yrði í sitt hvoru lagi um þá svo sá sem tapaði í kjöri um 1. varamann hefði tök á að bjóða sig fram sem 2. varamaður. Það var samþykkt.

Lagt var til við fundinn að Hildur og Kristín myndu telja atkvæði og var það samþykkt. Þá var atkvæðaseðlum fyrir kjör á 1. varamanni dreift en allir sem höfðu boðið sig fram til varamanns voru í kjöri. Að lokinni talningu atkvæða var ljóst að Steinunn Björk Bragadóttir væri réttkjörin 1. varamaður.

Í kjöri til 2. varamanns voru því Alma Tryggvadóttir, Haukur Johnson og Doddi Jónsson. Atkvæðaseðlum fyrir kjör á 2. varamanni var dreift. Að lokinni talningu var ljóst að Haukur Johnson var réttkjörin 2. varamaður.

6. Kosning félagslegra skoðunarmanna.

Eyrún sagði frá því að kjósa ætti tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs. Enginn hafði boðið sig fram fyrir fundinn og kallaði hún því eftir framboðum á fundinum.

Spurt var um hlutverk félagslegra skoðunarmanna og var það útskýrt.

Reynir Þór Eggertsson og Ísak Pálmason buðu sig fram og voru kjörnir með lófataki.

Laufey óskaði undir þessum lið eftir áhuga fólks að vinna í heimasíðunefnd og bauð Steinunn sig fram.

7. Önnur mál.

- a. Eyrún sagði frá því að á aðalfundi 2013 hefði komið fram áskorun um á að endurskoða fyrirkomulag vegna kaupa á aðdáendapökkum OGAE International á Eurovision en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er litið til félagsnúmera meðlima ef til kemur að framboð miða fullnægir ekki eftirspurn félagsmanna og hafa þeir sem eru með lægra númer forgang fram yfir þá sem hafa hærri félagsnúmer.

Stjórn lagði þrjár tillögur fyrir fundinn:

Tillaga 1 – fyrstur kemur fyrstu fær: Samkvæmt þessari tillögu standa allir félagsmenn jafnir að vígi þegar auglýstur er frestur um að sækja miða. Miðar yrðu pantaðir með tölvupósti (eða mögulega kerfi á heimasíðu) og auglýst yrði með fyrirvara hvenær opnað væri fyrir umsóknir. Við úthlutun miða yrði farið eftir því hvenær umsóknin barst þannig að þeir sem voru fyrstir til að sækja um hafi mestar líkur á því að fá miða.

Tillaga 2 – fyrstur kemur fyrstur fær nema fyrir virka fastameðlimi: Samkvæmt þessari tillögu yrði notast við blöndu af núverandi kerfi og kerfinu í tillögu 1. Þá myndu reglurnar í tillögu 1 gilda með þeirri undantekningu að þeir sem hafa verið virkir meðlimir í tvö ár í röð (þ.e. þeir sem hafa greitt félagsgjöldin viðkomandi ár og árið á undan) hafa forgang þegar

kemur að úthlutun miða. Ef eftirspurn eftir miðum er svo mikil að ekki tekst að útvega öllum í þessum forgangshóp miða, þá verður gripið til fyrstur-kemur-fyrstur-fær-reglunnar til að skera úr um hverjir í forgangshópnum fá miða. Með þessum hætti hafa allir sama möguleika á að komast í þennan forgangshóp ólíkt núverandi kerfi þar sem meðlimir sem skráðu sig við stofnun félagsins munu alltaf hafa forskot á þá sem skráðu sig síðar.

Tillaga 3 – óbreytt kerfi.

Opnað var fyrir umræður um tillögurnar.

Reynir spurði um kerfi í öðrum klúbbum og kom fram að þau væru mismunandi. Reynir sagði að sér þætti tillaga 1 ekki góð, hún umbunaði þeim sem væru meira á netinu.

Hildur útskýrði hvernig núverandi kerfi hefði virkað.

Reynir spurði fundinn hvort nauðsynlegt væri að breyta og hvort við ættum ekki að fá frekari reynslu á núverandi kerfi áður en breytingar yrðu samþykktar. Laufey tók undir það með Reyni.

Flosi sagði frá því að í OGAE í Bretlandi gilti reglan fyrstur kemur fyrstu fær og væri mikil óánægja með það í klúbbnum. Þá sagði Flosi frá því að eftir því sem okkar klúbbur er stærri og virkari því fleiri miðum fáum við úthlutað.

Ísak spurði hvort það væri ekki hagur FÁSES að þeir miðar sem við fengjum úthlutað væru notaðir. Því var svarað og það væri sannarlega þannig en einnig bent á að það mætti skila miðum sem ekki væru notaðir til OGAE International og þeir myndu þá láta þá ganga til annars klúbbs.

Reynir sagði að FÁSES væri sérstakur klúbbur meðal OGAE klúbbana, í honum væri fjölskyldufólk sem oft ætti ekki heimangengt á viðburði og taldi því að í raun væri verið að refsa þeim ef kerfi í ætt við tillögu 2 yrði tekið upp enda ætti það oft ekki sama kost á að taka þátt í viðburðum.

Ekki voru fleiri umræður og voru tillögurnar bornar undir atkvæði. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Tillaga 1 – 1 kaus með, aðrir á móti og tillagan því felld.

Tillaga 2 – enginn kaus með, allir á móti og tillagan því felld.

Tillaga 3 – samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Stjórn FÁSES lagði til að sú regla yrði fest í sessi að einungis þeir sem gerast nýir félagar fyrir 1. október ár hvert og greiði félagsgjöld fyrir auglýstan frest eigi kost á að sækja um miðapakka OGAE fyrir næstu Eurovision-keppni.

Opnað var fyrir umræður um tillögu stjórnar. Kristinn Jóhann tók undir tillöguna. Ekki fleiri umræður sköpuðust og var tillagan því lögð undir atkvæði þar sem hún var samþykkt.

- b. Laufey opnaði umræðu um viðburði og lagði fram hugmynd að viðburði, búningapartý þar sem búningur túlkaði ákveðið lag. Kristinn Jóhann spurði hvort FÁSES ætlaði að gera eitthvað í tilefni 60 ára afmælis Eurovision og 30 ára þátttöku afmælis Íslands í Eurovision. Því var svarað að ekki hefði verið teknar neinar ákvarðanir um það. Þá var fjallað um að hafa Eurovision kareoke, eurovisionkeppni með hljómsveit, eurovision veislu þar sem væru margir viðburðir. Rætt var um eurovision tónleikana í London, Amsterdam og Köln og hvort

FÁSES væri vettvangur fyrir fólk sem vildi fara í svoleiðis ferðir. Þá var fjallað um viðburði þar sem kosið væri á milli ýmissa eldri lag.

- c. Rakel bauð afrit af öllum keppnunum.
- d. Gísli spurði hvort hægt væri að fá preview af öllum lögnum sem keppa á hverju ári frá Sjónvarpinu. Reynir stakk upp á því að setja saman preview af lögnum í moviemaker eða imovie. Þá sagði Gísli frá því að OGAE í Noregi sýni alltaf preview af öllum lögnum áður en þau fara í sjónvarpið hjá NRK. Reynir sagði að RÚV gerði svona preview og við ættum að athuga hvort við gætum fengið það eintak.

Ekki fleira gert og fundi stíð kl. 22:00.